# Röðun í bekki

## 1 TILGANGUR

Þessi vinnulýsing tengist VR-0009 Skipulag bekkja og kennslu og lýsir réttri meðferð beiðna og óska um bekki og bekkjarfélaga ásamt því að allir nýnemar, sem og aðrir nemendur, séu settir í bekki.

Þetta vinnulag lýsir því ferli þegar nemendum er raðað í bekki að hausti. Taka þarf tillit til nokkurra þátta sem geta verið breytilegir eftir árum, m.a. 3ja máls, kyns, aðseturs og úr hvaða grunnskóla nemendur koma, auk stöðu í einstaka námsgreinum.

## 2 ÁBYRGÐ

**Brautarstjórar** bera ábyrgð á að öllum nemendum sé raðað í bekki.

**Skrifstofustjóri** ber ábyrgð á að skrá nemendur í bekki í Innu.

## 3 FRAMKVÆMD

- Brautarstjórar raða í bekki á þeim brautum sem undir þá heyra.
- Allar bekkjafélagaóskir skulu berast á bekkir@ma.is fyrir 1. ágúst.
- Skólaritari eða brautarstjóri skráir óskir um bekkjarfélaga sem borist hafa á netfangið bekkir@ma.is í Excel skjal sem er vistað á stjórnendasvæði undir 2.2.2.
- Atriði sem þarf að hafa í huga við skiptingu í bekki:
    - ✓ Byrjað er á að raða niður eftir bekkjarfélagaóskum. Aðeins er hægt að verða við ósk ef hún er gagnkvæm.
    - ✓ Halda kynjahlutföllum sem jöfnustum á milli bekkja.
    - ✓ Halda hlutfalli heimavistarbúa sem jöfnustu á milli bekkja.

### 3.1 RÖÐUN Í BEKK Í 1. BEKK

- Í nýnemabréfi eru nemendur upplýstir um reglur um bekkjarfélagaóskir.
- Á stjórnendasvæði undir 2.1.6. er listi yfir alla nemendur sem hafa verið innritaðir sem nýnemar.
- Í 1. bekk raða brautastjórar í bekki eftir umsóknum um brautir. Miðað er við að nota þessi heiti á bekkina.
    - ✓ Mála- og menningarbraut raðast í 1A
    - ✓ Kjörnámsbraut með áherslu á sviðslistir raðast í 1L
    - ✓ Félagsgreinabraut raðast í 1F, 1G og 1H
    - ✓ Náttúrufræðibraut raðast í 1T, 1U, 1V og 1X

# Röðun í bekki

  - ✓ Samráð er haft við nemendur á kjörnámsbraut með áherslu á tónlist um hvaða braut þeir fylgja.
- Nemendur sem hafa C eða C+ í stærðfræði á MMB, FB eða KB raðast þannig að hægt sé að spyrða saman í einn hóp í því fagi.
- Nemendur sem hafa frönsku sem 3. erlenda tungumál raðast saman í bekk á NB annars vegar og MMB, FB og KB hins vegar.

### 3.2 RÖÐUN Í BEKK Í 2. EÐA 3. BEKK

- Ef breyta þarf bekkjum í 2. eða 3. bekk senda brautarstjórar upplýsingar þar að lútandi til nemenda að vori.
- Nemendur geta óskað eftir bekkjarfélaga og þarf óskin að vera gagnkvæm.
- Nemendur sem hafa frönsku sem 3. erlenda tungumál raðast saman í bekk á NB, HB og RB annars vegar og MMB, FB og KB hins vegar.

## 4 TILVÍSANIR

VR-0009 Skipulag bekkja og kennslu

Listi yfir óskir um bekkjarfélaga á stjórnendasvæði undir 2.2.2

Listi yfir alla nemendur sem hafa verið innritaðir sem nýnemar á stjórnendasvæði undir 2.1.6

Tilbúnir bekkjalistar á skjalasafni undir 2.2

## 5 BREYTINGAR